

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 14. maí 2024

Mál nr. S-28/2024:

Ákærvaldið

(Sigurður Hólmur Kristjánsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Hirti Ara Hjartarsyni

(Páll Ágúst Ólafsson lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta sem tekið var til dóms 23. apríl sl., var höfðað 19. janúar 2024 af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra á hendur Hirti Ara Hjartarsyni, fæddum [...], [...],

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 19. ágúst 2023, sviptur ökurétti með dómi, ekið bifreiðinni [...], um Ólafsfjarðarveg við Stífluvatn í Fljótum í Skagafirði, uns hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar við Hóla í Skagafirði, óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa alkóhóls, alkóhól í blóði ákærða reyndist 3,4%.

Telst framangreint varða við 1. mgr. 58. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019.

Ákærði krefst aðallega sýknu af ölvun við akstur en til vara vægustu refsingar sem lög heimila. Jafnframt krefst hann þess að sakarkostnaður greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði en til var að ríkissjóður greiði hluta sakarkostnað að hluta.

II

Atvik máls

Í frumskýrslu lögreglunnar á Norðurlandi vestra kemur fram að tilkynning hafi borist frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um umferðarslys á Ólafsfjarðarvegi

við bæinn Hóla. Í tilkynningunni kom fram að líklegur ökumaður væri nakinn fyrir utan bifreiðina, æstur og ógnandi og sennilega ölvaður.

Lögreglumenn héldu á vettvang og þegar þeir komu þangað var ákærði kominn inn í sjúkrabíl sem þegar var kominn á vettvang. Sjúkraflutningamenn tjáðu lögreglumönnum að ákærði væri æstur og ölvaður og að farið yrði með hann á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Lögregla hafi samband við lögregluna á Norðurlandi eystra og óskaði eftir því að tryggt yrði að blóðsýni yrði tekið úr ákærða.

Tvö blóðsýni voru dregin úr ákærða, hið fyrra kl. 21:43 og hið síðara kl. 22:48. Ákærði gaf þvagsýni sem reyndist neikvætt á öll ávana- og fíkniefni.

Í framskýrslu lögreglu kemur einnig fram lýsing á því hvar bifreiðin [...] var utan vegar sem borinn er malarlagi. Hjólför hafi gefið til kynna að bifreiðinni hafi verið ekið norður Ólafsfjarðarveg. Fyrir utan bifreiðina fundust nærbuxur, skór, farsími, sólgleraugu, bjórdósir og vodka peli. Verktaki var fenginn til að fjarlægja bifreiðina og færði hann hana á verkstæði þar sem hún var geymd innadyra. Eigandi bifreiðarinnar heimilaði leit í henni.

Að ósk lögreglunnar á Norðurlandi vestra tók lögreglumaður hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra skýrslu af ákærða á sjúkrahúsinu á Akureyri og er sú skýrslutaka meðal gagna málsins í hljóði og mynd. Lögreglan á Norðurlandi vestra tók síðan símleiðis skýrslu af vitninu A.

Blóðsýni sem tekin voru úr ákærða voru send til rannsóknarstofu Háskóla Íslands lyfja- og eiturefnafræði til rannsóknar og er matsgerð rannsóknarstofunnar meðal gagna málsins.

III

Framburður fyrir dómi

Ákærði játaði við þingfestingu málsins að hafa ekið sviptur ökurétti en neitaði ölvun við akstur. Við aðalmeðferð málsins nýtti hann sér rétt sinn til að svara ekki spurningum um sakarefnið en tók þó fram að hann myndi ekki eftir atvikinu og vísaði til skýrslu sinnar sem hann gaf hjá lögreglu.

Vitnið A bar að hún hafi þennan dag m.a. ekið meðfram Stífluvatni að Deplum og hún hafi þá tekið eftir skeggjuðum manni um 30 til 40 ára gömlum við vatnið. Hann hafi þá verið í buxum og renndum jakka en ber að ofan undir jakkanum. Á leiðinni til baka hafi bifreið tekið fram úr henni á miklum hraða en þá hafi hún verið stödd við Skeiðsfoss og þegar hún kom að Hólum, nokkur hundruð metrum frá

Skeiðsfossi, hafi bifreiðin sem ók fram úr henni verið utan vegar. Að sögn vitnisins liðu 30 til 60 sekúndur frá því að bifreiðinni var ekið fram úr henni þar til hún kom að bifreiðinni utan vegar. Vitnið var visst um að tíminn frá fram úr akstrinum og þar til hún kom að bifreiðinni utan vegar hafi ekki verið meiri en tvær mínútur. Á vettvangi hafi hún séð nakinn mann fyrir utan bifreiðina. Hann hafi verið vankaður og viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni. Hún hafi hringt í Neyðarlínuna og tilkynnt atvikið. Að sögn vitnisins var einungis einn maður á vettvangi og þá kvaðst vitnið ekki hafa séð þann sem var fyrir utan bifreiðina neyta áfengis enda hafi hann ekki verið í ástandi til þess. Vitnið lýsti því að maðurinn hafi legið nær veginum en bifreiðinni þegar hún kom á vettvang. Jafnframt lýsti vitnið því að hún hafi tekið eftir merkingum fyrirtækis á bifreiðinni og nefndi það. Þá greindi hún frá því að á vettvangi hafi hún tekið eftir einhverju dóti í nágrenni við liggjandi manninn, m.a. hálfum vodkapela með tappanum á.

Lögreglumaður nr. [...] lýsti því að tilkynning hafi borist um bílveltu og að aðili væri nakinn og æstur fyrir utan bílinn. Þegar hann kom á vettvang hafi ákærði verið kominn inn í sjúkrabíl þar sem verið var að hlúa að honum. Ákveðið hafi verið að farið yrði með ákærða til Akureyrar og því hafi verið haft samband við lögregluna þar til að tryggja töku blóðsýna og framburðar af ákærða. Á vettvangi hafi lögreglumenn velt því fyrir sér hvort fleiri hafi verið í bifreiðinni sem var illa farin. Dót hafi verið við bílinn m.a. lokaðar bjórdósir og vodkapeli með tappanum á. Vitnið bar að fleiri ljósmyndir væru til af vettvangi en þær sem eru meðal gagna málsins.

Lögreglumaður nr. [...] bar að hann hafi verið beðinn um að taka framburðarskýrslu af ákærða á sjúkrahúsinu á Akureyri og það hafi hann gert á sunnudegi, degi eftir slysið. Ákærði hafi á þeim tíma verið viðræðugóður og kurteis en kannski ruglaður og hissa. Vitnið kvað það vinnureglu að taka ekki skýrslur af fólki sem ekki væri í ástandi til að gefa skýrslu. Þá staðfesti hann skýrslu sem hann ritaði.

Lögreglumaður nr. [...] greindi frá því að hún hafi verið beðin um að fara á sjúkrahúsið á Akureyri vegna einstaklings sem var grunaður um ölvunar- eða fíkniefnaakstur. Hún hafi tekið á móti sjúkrabílnum og þá hafi ákærði ekki gert sér grein fyrir því hvar hann var. Ákærði hafi neitað akstri og sagt að B vinur hans hafi ekið en ekki hafi tekist að fá frekari upplýsingar hjá ákærða um vin hans B. Á þessum tíma hafi ákærði verið uppstökkuð, ringlaður og ósamvinnufús. Vitnið greindi frá því

að blóðsýni hafi verið tekin úr ákærða og minnti hana að það hafi verið gert áður en ákærða voru gefin lyf en hún kvaðst ekki geta fullyrt það.

Vitnið D verkefnastjóri hjá rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti matsgerð sem liggur frammi í málinu. Að sögn vitnisins mældist frekar mikið magn í blóðsýnunum en þau hafi sýnt um 2,8% og þá sé viðkomandi mjög ölvaður. Með því að reikna áfengismagn til baka að teknu tilliti til brotthvarfs áfengis úr blóði milli töku sýnanna hafi niðurstaðna verið sú að áfengismagn í blóði viðkomandi hafi verið 3,4% þegar slysið átti sér stað, að því gefnu að áfengis hafi ekki verið neytt frá þeim tíma. Vitnið kvað útilokað að viðkomandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis kl. 19:47 og þá að því gefnu að einstaklingurinn hafi ekki neytt áfengis að ráði eftir kl. 18:00 enda hafi áfengisstyrkur verið fallandi frá 19:47. Að sögn vitnisins hafa lyf svo sem morfín eða önnur verkjastillandi lyf hvorki áhrif á mælingu vínandamagns í blóði né frásogshraða áfengis úr blóði. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hversu mikils magns áfengis svo sem vodka einstaklingur þurfi að neyta til að áfengismagn nái 3,4% í blóði. Útilokað sé að ná þessu magni áfengis í blóð á tveimur mínútum, ætla megi að hjá venjulegu fólki taki það um tvær klukkustundir. Að sögn vitnisins hefði þvagsýni getað gefið fyllri mynd af áfengisneyslu viðkomandi.

IV

Niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefið að sök að hafa ekið bifreið sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis. Ákærði jataði við þingfestingu að hafa ekið sviptur ökurétti en neitaði að hann hafi við aksturinn verið undir áhrifum áfengis.

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að matsgerð sýni svo ekki verði um villst að ákærði var undir áhrifum áfengis og þá vísar ákæruvaldið til framburðar vitna hér fyrir dómi. Ákærði byggir á því að sekt hann sé ósönnuð og telur hann að rannsókn málsins hafi verið verulega ábótavant.

Að framan eru rakin aðalatriði úr framburði vitnisins A. Framburður hennar hér fyrir dómi var afar greinargóður og í fullu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu og að mati dómsins trúverðugur. Ákærði gaf ekki skýrslu hér fyrir dómi en vísaði til framburðar síns hjá lögreglu sem gefinn var á sjúkrahúsi á Akureyri og er hann meðal gagna málsins í hljóði og mynd. Hjá lögreglu kvast ákærði ekkert muna eftir slysinu. Það síðasta sem hann muni eftir sé að hann hafi verið að veiða í

Stífluvatni og þegar hann hætti veiðum hafi hann gengið frá vöðlum og fleira dóti og ekið af stað. Hann mundi eftir því að hafa verið á bifreið í eigu fyrirtækis sem hann vann hjá og hann hafi ekið bifreiðinni. Á þessum tíma hafi hann verið einn í bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis daginn fyrir slysið en hann hafi ekki fundið fyrir áfengisáhrifum við aksturinn.

Framburður ákærða hjá lögreglu bendir ekki til annars en að hann hafi ekið bifreiðinni frá Stífluvatni sem er í samræmi við framburð vitnisins A. Vitnið A bar að hún hafi komið á að bifreiðinni utan vega mjög skömmu eftir að sömu bifreið var ekið fram úr bifreiðinni sem hún ók. Þá var lýsing hennar á ökumanninum sem hún sá við Stífluvatn mjög í samræmi við útlit ákærða. Er að mati dómsins fram komin nægileg sönnun um að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Líkt og áður greinir voru tekin tvö blóðsýni, með klukkutíma millibili, úr ákærða eftir að komið var með hann á sjúkrahús á Akureyri. Sýnin voru send til rannsóknar og liggur matsgerð vegna þeirrar rannsóknar frammi í málinu. Í henni kemur fram að, að teknu tilliti til brotthvarfshraða etanóls úr blóði ákærða, hafi styrkur etanóls í blóði ákærða verið 3,4 ‰ kl. 19:47.

Ákærði lá fyrir utan bifreiðina þegar vitnið A kom á vettvang rétt eftir að slysið varð. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bent getur til þess að ákærði hafi neytt áfengis á þeim skamma tíma sem leið frá því að slysið varð og þar til A kom á vettvang. Að mati dómsins er fráleitt að ætla að ákærði hafi getað neytt svo mikils áfengis á örfáum andartökum að styrkur etanóls í blóði hans hafi verið svo mikill sem raunin var. Þá er ekki óvarlegt að leggja til grundvallar að hann hafi ekki neytt áfengis eftir að björgunaraðilar komu á slysstað. Hugsanleg lyfjagjöf hefur ekki áhrif á mælingu áfengis í blóði líkt og fram kom hjá vitninu D.

Að framanröktu virtu er það mat dómsins að hafið sé yfir allan vafa að ákærði hafi ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis í greint sinn og ber að sakfella hann fyrir þá háttsemi sem og að hafa á þeim tíma ekið sviptur ökurétti.

Með málsgögnum fylgdi sakavottorð ákærða dagsett 18. janúar 2024 og við upphaf aðalmeðferðar afhenti sækjandi annað vottorð dagsett 19. apríl. Misræmi var milli vottorðanna þ.e. lögreglustjórasekt frá 15. júní 2023 var á fyrra vottorðinu en ekki því síðara. Dómari aflaði því nýs vottorðs sem dagsett er 10. þessa mánaðar og er tekið mið af því vottorði við úrlausn málsins. Sakavottorðið ber með sér að ákærði gekkst undir greiðslu sektar 28. ágúst 2019 vegna aksturs undir áhrifum áfengis og

akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna þá var hann einnig sviptur ökurétti í eitt ár. Í byrjun febrúar 2022 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir sömu sakir og sviptur ökurétti í fimm ár. Hinn 1. desember 2023 var ákærða gerður hegningarauki við dóminn frá því febrúar 2022 fyrir ölvun við akstur og akstur gegn rauðu ljósi og gert að greiða sekt en með vísan til sjónarmiða um hegningarauka ekki gerð frekari ökuréttarsvipting. Loks var ákærði 14. apríl sl. dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir ölvun við akstur og fyrir að aka sviptur ökurétti. Brotið sem dæmt var í síðastgreinda dóminum var framið 11. janúar 2023 og við ákvörðun refsingar hans miðað við að hann hafi verið að aka undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna í þriðja sinn þannig að ítrekunaráhrifa gætti á milli brotanna. Þá var og við það miðað að hann væri að aka sviptur ökurétti öðru sinni þótt af sakavottorði verði ekki ráðið að hann hafi áður verið sakfelldur fyrir slíka háttsemi.

Brot það sem ákærði er nú sakfelldur fyrir var framið 19. ágúst 2023 og því áður en tveir en síðastnefndu dómarnir voru kveðnir upp og ber að gera honum hegningarauka eftir ákvæðum 78. gr. almennra hegningarlaga og tiltaka refsinguna með hliðsjón af 77. gr. laganna. Áralöng dómvenja er fyrir því að horft sé til ákvæða 71. gr. almennra hegningarlaga varðandi ítrekunaráhrif brota af þessum toga og má ráða að það hafi verið gert í dóminum frá 17. apríl sl. Ef brot það sem ákærði er nú sakfelldur fyrir hefði verið dæmt ásamt þeim brotum sem þar voru til umfjöllunar má ætla að hann hefði fengið 15 daga fangelsi til viðbótar við þá refsingu sem þar var ákveðin. Að þessu gættu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 daga. Jafnframt ber með vísan til lagaákvæða í ákæru að áréttu ævilanga sviptingu ökuréttar ákærða.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Sakarkostnaður sem féll á málið við rannsókn þess hjá lögreglu nam 78.111 krónum. Til viðbótar eru málsvarnarlaun verjanda ákærða sem þykja, að teknu tilliti til umfangs málsins, tímaskýrslu lögmannsins og virðisaukaskatts, hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir. Þá ber að dæma ákærða til að greiða 84.600 króna ferðakostnað verjanda síns.

Sigurður Hólmur Kristjánsson aðstoðarsaksóknari sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Ari Hjartarson, sæti fangelsi í 15 daga.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði 807.511 krónur í sakarkostnað, þar með talin 644.800 króna málsvarnarlaun verjanda síns Páls Ágústs Ólafssonar lögmanns.

Halldór Halldórsson